

Val fyrir næstu önn í Innu – Eldri nemendur

1. Á forsíðu Innu er smellt á **VAL**:

2. Þá opnast þessi síða:

Hér er hægt að opna brautina ykkar og sjá þá áfanga sem þið eigið eftir að klára.

Passa að vera með a.m.k. 30 einingar á önninni (6-7 áfangar)

Passa að vera með a.m.k. 10 einingar í varavali (2-3 áfangar)


Hér er smellt til að byrja að velja áfanga.

Hér staðfestið þið valið ykkar þegar allt er klárt. **MUNA AÐ STAÐFESTA!**

ATHUGIÐ VEL: Nú þarf ekki lengur að velja „Vista val“ ef maður vill geyma valið og klára t.d. næsta dag. Síðan vistar sjálfkrafa allar breytingar sem þið gerið. Ykkur er því óhætt að velja áfanga, slökkva á Innu og þegar þið farið næst inn í valið ykkar, þá birtast sömu áfangar og þið voruð búin að velja.

3. Eftir að smellt er á **Velja áfanga** er hægt að finna þá áfanga sem þú vilt fara í. Gættu að því að vera búin/n að undirbúa þig vel með því að skoða **námsbrautina** þína og eins líka **námsferilinn þinn á Innu** (*Þá áfanga sem þú hefur lokið nú þegar*). Í valinu er miðað við að velja a.m.k. 30 einingar á önn, en það eru **6 áfangar** sem gefa þér **fimm einingar hver** (t.d. ÍSLE2HU05). Þeir áfangar fara í **aðalval**. Síðan þarf einnig að passa vel að velja **a.m.k. 2 áfanga í varaval**, en það eru þá áfangar sem koma inn í staðinn ef þú kemst ekki inn í einhvern af áföngunum í aðalvalinu.

Hér er hægt að leita að ákveðnum áföngum með því að skrifa inn nafn þeirra.



Ef smellt er á **kjarna** birtast eingöngu þeir áfangar á listanum sem eru í kjarna námsbrautarinnar þinnar og þú átt eftir að ljúka.

Um leið og þú smellir á áfanga í listanum, færist hann yfir í Aðalvalið hjá þér. Engar áhyggjur, þú getur alltaf eytt áföngum út úr Aðalvali ef þú vilt breyta eftir á.

Sumir áfangar hafa svokallaða Undanfara. Þá þarftu að vera búin/n að klára ákveðinn áfanga, áður en þú mátt velja þennan. Hér er hægt að sjá undanfarana.

4. Hér að neðan er búið að velja áfanga í Aðalval. Til að **eyða áfanga út** er einfaldlega **ýtt á rauða x-ið**. Innan virkar þannig að þú velur þér áfanga í Aðalval sem þú vilt hafa í stundatöflu á næstu önn. Innan raðar síðan áföngunum sem þið veljið í stundatöfluna eins vel og hægt er. Stundum eru tímarnir sem þið veljið kenndir á sama tíma og þá vantar inn áfanga í stundatöfluna ykkar. Þá sækir Innan áfanga sem þið eruð með í Varavali í staðinn. Þess vegna er mjög mikilvægt að velja a.m.k. 2 áfanga og setja í varaval. **Það er gert með því að draga áfanga úr Aðalvali og niður í Varaval.**

Val

Opin námsbraut (2015)

Aðalval: Hámark áfanga á önn er 38.

Varaval: Velja skal að lágmarki 2 áfanga, og að hámarki 3 áfanga. Hægt er að draga áfanga á milli aðalvals og varavals.

Staðfesta val

20251 - Vorönn 2025

EFNA1EU05

FÉLA1IH05

FORR1FP05

FRAN1EL05

HEIM2U005

HLSE1AH02

KYNJ2KJ05

STJÓ2SV05

SÁLF2IN05

Varaval

Engir valdir áfanga

+ Velja áfanga

Til að eyða út áfanga er ýtt á rauða x-ið.

Áfangi er dreginn úr aðalvali og niður í varaval.

Fjöldi eininga í aðalvali: 42

Fjöldi eininga í varavali: 0

Fjöldi kennslustunda á viku: 34

5. Svona lítur þá valið út þegar allt er klárt.

Val

Opin námsbraut (2015)

Aðalval: Hámark áfanga á önn er 38.

Varaval: Velja skal að lágmarki 2 áfanga, og að hámarki 3 áfanga. Hægt er að draga áfanga á milli aðalvals og varavals.

Staðfesta val

20251 - Vorönn 2025

EFNA1EU05

FÉLA1IH05

FORR1FP05

FRAN1EL05

HLSE1AH02

KYNJ2KJ05

SÁLF2IN05

Varaval

HEIM2U005

STJÓ2SV05

+ Velja áfanga

Fjöldi eininga í aðalvali: 32

Fjöldi eininga í varavali: 10

Fjöldi kennslustunda á viku: 26

Hér eru komnar 32 einingar í aðalval, sem eru 6 áfanga + íþróttir (2 einingar) eða í raun full önn.

Svo eru 10 einingar í varavali, eða tveir áfanga.

6. Að lokum ætlum við síðan að ýta á **Staðfesta val**:

✎ Val

Opin námsbraut (2015)

Aðalval: Hámark áfanga á önn er 38.
Varaval: Velja skal að lágmarki 2 áfanga, og að hámarki 3 áfanga. Hægt er að draga áfanga á milli aðalvals og varavals.

20251 - Vorönn 2025
Staðfesta val

EFNA1EU05	✖
FÉLA1IH05	✖
FORR1FP05	✖
FRAN1EL05	✖
HLSE1AH02	✖
KYNJ2KJ05	✖
SÁLF2IN05	✖
Varaval	
HEIM2U005	✖
STJÓ2SV05	✖

+ Velja áfanga

Hér staðfestum við valið þegar allt er orðið klárt.

Fjöldi eininga í aðalvali: 32
Fjöldi eininga í varavali: 10
Fjöldi kennslustunda á viku: 26

7. Hér er svo **GRÍÐARLEGA MIKILVÆGT** að ýta aftur á **Staðfesta val**.

✎ Staðfesta val

Hér þarf að ýta aftur á Staðfesta val.

20251 - Vorönn 2025 - Dagskóli
▼

Staðfest val

Dags.
11.03.2022 15:30:54
04.03.2022 09:41:01

8. Hér er búið að staðfesta valið og allt klárt. Það er hægt að sjá með því að skoða dagsetninguna undir **Staðfest val** og sjá að valið fyrir vorönn 2025 (20251) er komið undir **Önn**:

Val staðfest ✕

Val hefur verið staðfest fyrir 20251 - Vorönn 2025 - Dagskóli

Loka

Staðfest val	
Dags.	Önn
23.10.2025 08:30:00	20251
11.03.2022 15:30:54	20222
04.03.2022 09:41:01	20222